



Fréttabréf

febrúar 2020

Tannverndarvika er fyrstu vikuna í febrúar frá **3. til 7. febrúar**. Við munum tileinka vikuna verkefnavinnu, lestri og söng sem tengist tönnum.

Mánudaginn **3. febrúar** fengum við 1. bekkinga úr Smáraskóla (fyrrum nemendur úr Læk) í heimsókn. Boðið var upp á ávexti og frjálsan leik. Það var einstaklega gaman að sjá hvað þau hafa dafnað vel og þau nutu þess að koma aftur í leikskólann að leika við elstu börnin í Stóra Læk.

Kosningu í okkar Kópavogur lýkur **4. febrúar**. Þrjár tillögur að úrbótum tengdust Læk; Endurnýjun á fótboltavelli í Stóra Læk, leiktæki á Lækjavöll og leiktæki á útisvæði í Stóra Læk. Það verður spennandi að sjá niðurstöður kosninganna og vonandi náum við að knýja fram sigur.

6. febrúar er dagur leikskólans. Þá er opið hús og öllum er fjálst að koma í heimsókn til að kynna sér starfið í Læk. Ekki er æskilegt að koma á matmáls- og hvíldartíma frá kl. 11.00-13.00 í Stóra Læk / 11.00-14.00 í Litla Læk.

7. febrúar er dagur stærðfræðinnar og við hvetjum alla að leika sér með tölustafi, form og fleira sem snýr að stærðfræði með börnum. Þennan föstudag fáum við einnig gest í samsöng en það er Kid Ísak sem ætlar að syngja fyrir börnin. Kid Ísak er að taka þátt í Söngvakepninni og það er árlegt í Læk að fylgjast vel með lögnum sem taka þátt.

Dömkaffi í tilefni konudagsins verður **21. febrúar**. Boðið verður upp á kaffi, mjólk og nýsteiktar kleinur í lok dagsins frá kl. **15.00 - 16.15**.

24. febrúar er *bolludagur* og þá verða fiskibollur í hádegismat og rjómabollur í síðdegishressingu.

25. febrúar er *sprengidagur* þar sem við munum borða saltkjöt og baunir.

26. febrúar er *öskudagur* þar sem börnin mega koma í búningum eða náttfötum í leikskólann. Boðið verður upp á andlistmálun, ball verður í Mýrinni í Stóra Læk og Kjarrinu í Litla Læk. Kötturinn verður sleginn úr tunnunni og óvæntur glaðningur í henni.

Mikilvægt er að tilkynna að morgni dags um veikindi barna helst fyrir klukkan 8.45. Þá annaðhvort með því að hringja í leikskólann á deildir barnanna eða með því að nota Völu appið. Þannig getum við skipulagt starfið okkar bæði hvað varðar mannafla á deildum og magn á mat.

Sjálfraeði – virðing - hlýja

